

Íslenskur iðnaður

SI Fréttablað Samtaka iðnaðarins

07. tbl. • 11. árg. • Júlí 2005

BYGGINGA- OG VERKTAKAIÐNAÐUR ALDREI ÖFLUGRI

Umsvif í bygginga- og verktakastarfsemi hafa aldrei verið meiri hér á landi en um þessar mundir. Tíðindamenn Samtaka iðnaðarins tóku hús á nokkrum félagsfyrirtækjum og spurðust fyrir um einstök verkefni og stöðu greinarinnar. Umfjöllun um byggingaiðnað bls. 2 - 13.



Ístak byggir hráefnisþró í Grundartanga.

Meðal efnis:

Ritstjórnargrein 2

Uppsveifla í byggingariðnaði og mannvirkjagerð



Háfell færir Hringbraut 3



Ístak með margt í takinu 4-5



Mikil uppbygging í Hafnarfirði 8-10



Dagur byggingariðnaðarins í Hafnarfirði 12

verður laugardaginn 15. október nk.



**meist
arinn
IS**

þar sem þú finnur fagmenn
þegar vanda skal til verks

Uppsveifla í byggingariðnaði og mannvirkjagerð

Eitt mesta vaxtarskeið bygginga- og mannvirkjaiðnaðar um áratuga skeið stendur nú yfir. Reyndir forustumenn í þessum greinum vitna um að þeir hafi aldrei áður upplifað svo mikil umsvif. Púlsinn, fréttablað Iðntæknistofnunar og RB sem nýlega fjallaði um fjármunamyndun í byggingariðnaði, staðfestir þetta. Verðmætasköpun í iðnaði og mannvirkjagerð er um fjórðungur af landsframleiðslu, mannvirkjagerðin ein er með 10,3% af landsframleiðslu. Púlsinn bendir á að árið 2003 var 68,5% af varanlegri fjármunamyndun (fjárfestingu) í landinu í mannvirkjagerð.

Víða er þottur brotinn

Þrátt fyrir þennan uppgang er alveg ljóst að ýmis starfsskilyrði hafa verið þessari mikilvægu atvinnugrein til trafala. Þar má einkum nefna:

1. Árstímabundnar sveiflur og sveiflur í eftirspurn milli ára.
2. Lóðaskort og óskipulagt lóðaframboð.
3. Smáfyrirtæki sem koma og fara.
4. Samkeppni við svarta starfsemi og kennitölulflakk.
5. Gæðavandamál og skort á fagmennsku.
6. Tvístraða hagsmunagæslu.
7. Málefni byggingariðnaðar heyra undir þrjú ráðuneyti.

Vert er að líta á nokkur atriði sem snúa að rekstri fyrirtækjanna sjálfra og setja í samhengi við það sem forustumenn í byggingariðnaði og mannvirkjagerð segja í þessu tölublaði Íslensks iðnaðar.

Mennta- og gæðamál

Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks, leggur áherslu á góða menntun starfsmanna sinna. Þekking fyrirtækisins er bundin fólki, mannauði, sem getur nýtt hæfileika sína við ólíkar og sibreytilegar aðstæður. Sérstök áhersla er lögð á öryggis- og gæðamál. Undir þetta tekur Eiður Haraldsson, framkvæmdastjóri Háfells. Hann telur það hafa skipt sköpum fyrir sinn rekstur að hafa tekið upp gæðakerfi.



Sveinn Hannesson

Vonir hans standa til að bygginga- og jarðverktakafyrirtæki vinni öll í framtíðinni samkvæmt samræmdu gæðakerfi.

Mikilvæg þjónusta í boði hjá SI

Yfirlýsingar Lofts og Eiðs gefa SI byr í seglin. Undanfarin ár hafa Samtökin einmitt lagt mikla áherslu á þjónustu við fyrirtæki sín á sviði gæða- og menntamála. Hjá Samtökunum vinnur sérfræðingur sem er reiðubúinn að aðstoða fyrirtæki við að stíga fyrstu skrefin til að koma á fót eigin gæðastjórnun. Sömuleiðis eru Samtökin með sérfræðing á sviði menntamála sem vísar fyrirtækjum veginn við að sækja menntun og þjálfun fyrir starfsfólk sitt. Menntafélag byggingariðnaðarins sér um endur- og simenntun á sviði byggingariðnaðarins. Öllum fyrirtækjum í bygginga- og mannvirkjaiðnaði stendur til boða að nýta sér þessa þjónustu. Aðeins þarf að lyfta síma eða senda tölvupóst til að fá upplýsingar.

Byggingariðnaður er að tæknivæðast og hann er einnig í vaxandi mæli í samkeppni við erlend byggingarfyrirtæki og framleiðendur byggingarvara. Þessi þróun kallar á nútímalega stjórnunar- og rekstrarhætti og um leið færri og stærri fyrirtæki.

Verk að vinna fyrir opinbera aðila

Ætlast verður til að opinberir aðilar taki einnig til hendinni. Þar er efst á blaði að koma byggingariðnaði undir eitt ráðuneyti. Í öðru lagi þurfa sveitarfélögin í landinu, ekki síst á S-V horninu, að taka sig á í skipulagsmálum og samræma lóðaframboð. Það er umhugsunarvert sem þeir Kjartan Ragnarsson hjá Nýju húsi ehf. og Jóhann Hlöðversson hjá Risi ehf. segja um lóðaframboð. Skortur á lóðum leiðir af

sér óþarflega hátt fermetraverð sem skilar sér ekki til byggingafyrirtækisins heldur eingöngu til sveitarfélagsins. Það er enginn vafi á því að sveiflukennt lóðaframboð á stóran þátt í miklum fjölda smáfyrirtækja sem flest eru skammlíf. Afleiðingarnar eru hins vegar gæðavandamál, svört atvinnustarfsemi, gjaldþrot og kennitölulflakk. Stjórnvöld þurfa af alvöru að koma að því með atvinnugreininni sjálfri að taka á þessum vanda.

Markvissari vinnubrögð við útboð

Þó að hluti fyrirtækja í mannvirkjagerð vinni einkum við að byggja og selja fasteignir, þá er samt stærri hluti sem starfar á opnum tilboðsmarkaði. Opinberir aðilar eru stærstu verkkauparnir og er því mikilvægt að farið sé að gildandi reglum undanbragða- og undantekningalaust. Kostnaður verktaka við tilboðsgerð er oft umtalsverður og því mikilvægt að leikreglur sem unnið er eftir við mat á tilboðum séu ljósar fyrirfram. Þrútt um einingaverð eftir að tilboð hafa verið opnuð á ekki að þekkjast.

Draga má verulega úr árstímabundnum sveiflum

Aukin tækni, afköst og batnandi veðurfar draga úr árstíðabundnum sveiflum sem áður einkenndu byggingariðnað. Nú er hægt að byggja hús árið um kring sem ætti að leiða til jafnari og betri rekstrar. Ólafur Guðmundsson, pípulagningameistari í Hafnarfirði bendir á að verkkaupar óski flestir eftir afhendingu fullbúinna verka á haustin. Þessi ósk markist fremur af hefð en raunverulegri þörf. Minni árstímasveiflur og eðlilegur verktími er allra hagur. Það er beinlínis fáránlegt að verklok í langflestum opinberum útboðum bera upp á októbermánuð rétt eins og reiknað sé með að mannvirkjagerð leggist af yfir vetrartímamann. Nútíma byggingarfyrirtæki leggjast ekki í dvala á veturna.

Háfell færir Hringbraut

Háfell er með reyndustu verktakafyrirtækjum á Íslandi. Við fyrirtækið vinna yfir 50 manns. Verkefni eru dreifð um landið og meðal þeirra eru þessi: Færsla Hringbrautar í Reykjavík, gatna-gerðarvinna fyrir Kópavogsbæ, vinna við Suðurstrandarveg og þverun Kolgrafafjarðar ásamt brúargerð.

Reykvíkingar hafa orðið áþreifanlega varir við miklar framkvæmdir við Hringbraut í sumar. Færsla Hringbrautar til suðurs er ein stærsta vegafamkvæmd hér á landi á þessu ári að frátalinni jarðgangagerð. Um er að ræða 1.200 milljóna króna verkefni. Háfell ehf. sér um heildarframkvæmdina. „Við berum ábyrgð á heildarverkinu,” segir Eiður Haraldsson framkvæmdastjóri Háfells. „Við erum ábyrgir fyrir allri jarðvegs- vinnu, vegalagningu, þ.m.t. malbikun. Við smíðum göngubryr og setjum niður skilti.“

Færsla Hringbrautar er að mörgu leyti með erfiðustu verkefnum sem Háfell hefur tekið að sér. Þarna leynir margt á sér. Í undirbúningsvinnunni var lagt upp úr því að umferð raskaðist sem minnst. Til þess að það tækist þurfti að sam- hæfa einstaka verkþætti.

Tímasetningar verka urðu að standast. Hvernig ætli það hafi tekist?

„Í heildina vel,” segir Eiður. „Okkur tókst að ljúka allri malbikun á Hringbraut fyrir 17. júní eins og ráð var fyrir gert. Þar með hefur verið opnað fyrir umferð um Hringbrautina í báðar áttir. Snorrabraut verður síðan lokuð um tíma meðan við vinnum að göngum undir hana fyrir gangandi umferð. Verkinu í heild verður skilað til borgarinnar í október.“



Suðurstrandarvegur

Framkvæmdir við Suðurstrandarveg fela í sér lagningu vegarins, bæði undirbyggingu og bundið slitlag. Þessi fyrsti áfangi verksins er 5,6 km langur af alls rúmlega 30 km löngum vegi. Vegarstæðið er á svipuðum stað og gamli vegurinn. „Hér er um að ræða u.þ.b. 100 milljóna króna verk,” segir Eiður. „Næsti áfangi verksins verður boðinn út á næsta ári. Hann verður unnin Þorlákshafnarmegin.“

Kolgrafafjörður

Háfell er að ljúka þverun Kolgrafa- fjarðar. Í því felst efnisflutningur í vegarstæði við mynni fjarðarins og að smíða brú. Þarna eru miklir straumar og því mikilvægt að vel sé staðið að verki. „Við þurfum að fylgjast vel með brúarstæðinu,” segir Eiður,“ og fylla að því reglulega.“

Reksturinn

Spurður um vöxt í mannvirkjagerð undanfarin ár segir Eiður: „Veltan hjá

Háfelli hefur aukist um 10-30% á ári undanfarin ár. Ég hef áður kynnst mikilli þenslu í mannvirkjagerð en þetta er það mesta sem ég hef séð.“

Stóraukin verkefni að undanfögnu hafa kallað á margs konar viðbrögð hjá fyrirtækinu. Misjafnlega hefur gengið að ráða fólk til starfa. Hjá Háfelli hefur útlendu starfsfólki fjölgað, aðallega verkamönnum. „Við höfum líka ráðið til okkar sérhæft fagfólk að utan,” segir Eiður, „m.a. suðumenn frá Póllandi.“

Eiður telur mikilvægt að reka fyrirtæki sitt skipulega og eftir gæðakerfi: „Það er bráðnaðsynlegt að fyrirtæki í bygginga- og mannvirkjagreinum byggi upp samræmt gæðakerfi. Ég veit að það skiptir sköpum fyrir mitt fyrirtæki en um leið myndi það lyfta greininni í heild ef samskipti milli verktakafyrirtækja, verkkaupa og birgja væru bundin í gæðakerfi. Ég tel að Samtök iðnaðarins hafi synt hér mikilvægt frumkvæði í þessum málaflokk. Þau hafa hér áfram hlutverki að gegna.“

Ingi Bogi Bogason, Ferdinand Hansen

Ístak með margt í takinu



Ístak hefur starfað óslitið frá 1970 og er því eitt elsta starfandi verktaka- og byggingafyrirtæki á Íslandi. Fyrirtækið hefur reist mannvirki af öllum gerðum; virkjanir, stóriðjuver og hafnir. Ístak hefur lagt vegi, smíðað brýr og gert flugvelli. Síðast en ekki síst hefur Ístak byggt hús fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki.

Hjá Ístaki vinna nú rúmlega 600 manns og er búist við að veltan í ár verði um 12 milljarðar króna.

Loftur Árnason er framkvæmdastjóri Ístaks. Það liggur beint við að spyrja hann í hverju velgengni Ístaks er fólgin.

„Við höfum tekið að okkur stór verkefni sem aðrir hafa átt erfitt með,“ segir Loftur. „Við reynum að vera fjölbær og sveigjanlegir. Þetta er grunnurinn að velgenginni.“

Ístak hefur verið fært um að laga starfsemina að sveiflukenndu efnahagsástandi hér á landi. Fyrirtækið hefur dregið saman starfsemina þegar verk-

efni voru fá og lítill og þá getað sent starfsmenn til verkefna erlendis vegna tengsla við E. Pihl & Søn í Danmörku. Eins hefur Ístak getað vaxið hratt á penslutímum og flutt inn mannskap og tæki.

Kárahnjúkar

Ístak annast umfangsmiklar framkvæmdir í tengslum við Kárahnjúka-virkjun. Þar er lokið við að sprengja fyrir stöðvarhúsi virkjunarinnar inni í miðju fjalli og nú unnið að steypuvinnu. Ístak vinnur þetta verk með Hochtief og ÍAV og heitir samsteypa þessara fyrirtækja Fosskraft. Ístak hefur lokið við að bora Fáskrúðsfjarðargöng og hefur verkið gengið ágætlega. Eftir er að malbika stuttan spotta og ganga frá vegtengingu utan ganganna. Verkið verður afhent 1. október. Ístak leggur veg meðfram Fljótssalínu og lýkur því verki í haust. Í samstarfi við ÍAV reisir Ístak 1.800 manna vinnubúðir fyrir Bechtel.

Alls eru um 210 starfsmenn Ístaks í þessum verkum: 120 í Kárahnjúkum, 50 í Fáskrúðsfjarðargöngum og 40 við að reisa vinnubúðir. Umsvif Fosskrafts við Kárahnjúka eru að andvirði um 6,6 milljarða króna.

Grundartangi

Ístak vinnur við stækkun kerskála álverksmiðju Norðuráls á Grundartanga. Byggðir eru tveir kerskálur til

viðbótar. Með þessu hefur verksmiðjan aukið framleiðslugetu sína úr upphaflegum 90.000 t í 212.000 t.


Önnur verkefni sem Ístak vinnur fyrir Norðurál þessu tengd eru: Undirstöður undir reykheinsvirki, stækkun á potta-viðgerðarverkstæði og ný 70.000 t hráefnispró. Hráefnispróin er 50 m há og 44 m í þvermál og er því tröllvaxið mannvirki. Próin er steipt með svokallaðri skriðmótstækni. Þetta felur í sér að hraðsteypu er hella í mótin sem síðan eru tjökkuð upp um nokkra sentimetra á nokkurra mínútna fresti. Þá er steypan, sem kemur undan mótinu, orðin berandi. Verkið var unnið látlaut í rúmar tvær vikur, dag og nótt.

Að sögn Brynjars Brjánssonar, verkefnisstjóra Ístaks á Grundartanga, vinna samtals um 300 manns við þessar framkvæmdir, þar af þriðjungur iðnaðarmenn. Eftirtektarvert er að flestir iðnaðarmennirnir eru íslenskir. Spurður hvort hægt sé að bæta við iðnaðarmönnum svarar Brynjar: „Ef þú getur fundið iðnaðarmenn á lausu láttu okkur þá vita!“

Verkefni Ístaks á Grundartanga hefur tvöfaldast frá fyrsta útboði. Hönnun hefur verið unnin jafnhliða framkvæmdum, og hefur samstarf við hönnuði og eftirlitsaðila verið með ágætum, en þeir eru samsteypa Verkfræðistofanna Hönnunar, Rafhönnunar og Verkfræðistofu VST.

Loftur nefnir að við verkefnið á





Grundartanga hafi að mestu unnið íslenskir hönnuðir, íslenskir verktakar og íslenskir iðnaðar- og verkamenn. „Við erum bara nokkuð stoltir af því,“ bætir hann við. Umsvif framkvæmdanna við Grundartanga eru um 5,5 milljarðar króna.

Fjölmörg önnur verkefni

Ístak vinnur að því að reisa mannvirki og leggja aðveitulagnir vegna Helliðshöfnarvirkjunar. Á Laugavegi hefur Ístak grafið fyrir þriggja hæða bílageymslu sem verður grunnur undir verslunar- og íbúðahús. Ístak lauk nýlega við mislæg gatnamót við Reykjanesbraut í Hafnarfirði sem og við stækkun brottfarar- og komusal í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ístak vinnur við að reka niður stálþil við Skarfabakka í Sundahöfn. Meðal fleiri verkefna eru: Ípróttahús Lækjarskóla í Hafnarfirði, leikskóli í Garðabæ, dýpkun hafnar í Bolungarvík, vinna við Alþingishúsið, Menntaskólann í Reykjavík og sundlaug á Seltjarnarnesi.

Mannauðurinn skiptir máli

Eins og áður segir telur Loftur ástæðuna fyrir velgengni fyrirtækisins liggja í sveigjanleika og fjölbreytni. En fleira kemur til:

„Við erum með vel menntað og þjálfað fólk,“ segir Loftur. „Hjá fyrirtækinu er mikil og fjölbreytt þekking sem við, á hverjum tíma, kappkostum að halda við og auka. Þekkingin er ekki bara dýrmæt á þröngum faglegum sviðum, heldur skiptir hún máli alls staðar. Ég get nefnt sem dæmi öryggis- og gæðamál. Þar treystum við á alþjóðlegar aðferðir sem við byggjum okkar kerfi á. Öryggis- og gæðamál snerta alla starfsmenn.“

Fyrirtækið kappkostar að afhenda fullunnin verk á réttum tíma og á sanngjörnu verði. Að mati Lofts tekst þetta ekki nema vegna þess að hjá Ístaki vinna vel menntaðir og reyndir verkstjórar og tæknimenn. Og kannski

ekki síst að hjá Ístaki eru starfsmenn sem hafa unnið hjá fyrirtækinu um áraraðir. Lofti er niðri fyrir þegar hann ræðir menntun. Hann telur nauðsynlegt að fyrirtæki í byggingariðnaði leggi miklu meiri áherslu á að mennta fólk til starfa:

„Það er í raun sorglegt hvað verktakar sækjast lítið eftir því að ráða menntað fólk til starfa. Fyrir vikið er alltof algengt að gerð séu dýr mistök sem bitna ekki eingöngu á því fyrirtæki sem gerir þau heldur á öllum fyrirtækjunum sem vinna í greininni. Einnig tel ég að verkfræði- og tæknifræðimenntun á Íslandi ætti að beinast meira í þá átt að vekja áhuga nemenda á störfum í verktakastarfsemi.“

Ingi Bogi Bogason

Brynjar Brjánsón og Loftur Arnason eftir í hræfnispró á Grundartanga



Ris byggir íbúðir og atvinnuhúsnæði

Jóhann Hlöðversson, framkvæmdastjóri Ris ehf., segir að um þessar mundir starfi um 140 manns hjá fyrirtækinu. Það er nokkru fleira en var á sama tíma fyrir ári. Vilji er til að ráða fleiri starfsmenn en erfiðlega gengur að fylla öll störf. Hjá Risi starfar auk Íslendinga nokkur fjöldi erlenda starfsmanna.

Ris ehf. hefur verið úthlutað lóðum fyrir um 90 íbúðir í Kópavogi og Garðabæ. Framkvæmdir byrja í haust. Jóhann segir að fyrirtækið hafi sl. tvö ár ekki byggt íbúðarhús í eigin reikning en mikið af atvinnuhúsnæði bæði fyrir sjálft sig og aðra. Þá hefur fyrirtækið einnig unnið við brúargerð og mannvirki sem tilheyra gatna- og vegagerð.

Að sögn Jóhanns fer afkoma fyrirtækisins batnandi en baráttan um verk sé jafn hörð og hún hafi verið undanfarin ár. Ris er með verkefni til næstu tveggja ára að minnsta kosti.

„Það er nokkuð bjart framundan og verkefni næg,“ segir Jóhann.

Þegar talið berst að framboði lóða og verðlagningu þeirra er Jóhann þungorður um ástandið:

„Framboð hefur til skamms tíma ekki verið nægjanlegt og verðlagning allt of há. Útboð sveitarfélaga sem hófst með útboði Reykjavíkurborgar á Þróttarasvæðinu við Sæviðarsund og síðan Grafarholti eru umdeilanleg, sérstaklega ef haft er í huga að framboð byggingarhæfra lóða í Reykjavík var um árabíl af mjög skornum skammti. Sveitarfélög eru að hagnast á því að takmarka framboð lóða tímabundið og selja síðan á uppboði í stað þess að úthluta þeim. Þetta er að okkar mati á gráu svæði.“

Ris ehf. tók fyrir nokkru ákvörðun um að endurvekja vinnu við gæðahandbók fyrirtækisins. Stækkun fyrirtækisins kallar á betri yfirsýn og nauðsyn þess að fastsetja alla stjórnunar- og vinnsluferla.



Frá því að gæðastefna Ris var mótuð fyrir fjórum árum hefur hún stöðugt verið í endurskoðun og um þessar mundir er í samvinnu við Samtök iðnaðarins verið að tölvuvæða allan bakgrunn hennar, þar á meðal gæðahandbókina.

Eyjólfur Bjarnason

Nýtt fyrirtæki:

Nýtt hús ehf. selur ný hús



Nýtt hús heitir fyrirtæki sem framleiðir og selur nýstárlega gerð timburhúsa. Það var stofnað árið 2002 af Kjartani Ragnarssyni, núverandi eiganda og framkvæmdastjóra.

Framleiðsla fyrirtækisins fer að stórum hluta fram í verksmíðju og hvílir hönnunin að miklu leyti á herðum Kjartans.

„Við teljum húsin okkar vera nýstárleg um a.m.k. tvennt,“ segir Kjartan. „Burðargrind húsa okkar er efnismeiri en hjá ýmsum sambærilegum framleiðendum og kaupendur geta valið úr fjölbreyttu efni í ystu klæðningu.“

Húsin, sem eru af nokkrum stöðluðum gerðum, eru bæði seld fullbúin og í einingum, tilbúin til uppsetningar. Í flestum tilvikum er það fyrirtækið Einbýli ehf., sem er að hluta til í eigu Kjartans, sem annast uppsetninguna.

Mikil umsvif kalla á útrás

Frá því að fyrirtækið tók til starfa hefur það framleitt tæplega 80 hús og nýlega afhenti það rúmlega tuttugu hús í Smáraríma. Nú eru 15 hús í byggingu að Kópabraut í Innri-Njarðvík auk húsa í Kópavogi, Selfossi, Garðabæ, Seltjarnarnesi og víðar. Fyrirtækið hefur verið til húsa að Dalvegi í Kópavogi en er nú að flytja starfsemi sína til Ytri-Njarðvíkur. Auk þess er Nýtt hús að koma á fót 1300m² verksmíðju í Lettlandi þar sem framleiddar verða sömu gerðir húsa.

Á síðustu misserum hafa starfsmenn Nýs húss unnið hörðum höndum að því að skjalfesta framleiðsluferla, koma á gæðaeftirliti, útfæra teikningar og verklysingar af framleiðslunni og uppsetningarferlum. Ætlun stjórnenda er að fá þær

húsagerðir, sem fyrirtækið framleiðir, CE merktar áður en frestur íslenskra stjórnvalda til að krefjast CE merkingar timbureiningarhúsa rennur út á næsta ári.

Nauðsynlegt að fjölga lóðum og lækka verð

Í vinnslu er 100 síðna kynningarbæklingur með teikningum af öllum þeim húsagerðum sem í boði eru ásamt nákvæmum upplýsingum um útfærslur og tækniatriði.

„Ég tel að framtíð fyrirtækisins á Íslandi byggist á nægilegu lóðaframboði,“ segir Kjartan. „Hagkvæmustu byggingarstaðirnir eru í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins þar sem lóðaverð er mun lægra en í tískuhverfum höfuðborgarinnar.“ Spurður um hvort hækkandi fasteignaverð skili sér til verktakans telur Kjartan svo ekki vera: „Þeir sem hagnast mest á hækkandi fasteignaverði eru sveitarfélögin. Þau selja lóðir á uppsprengdu verði og tefja fyrir eðlilegri uppbyggingu.“

Ferdinand Hansen

Ný ákvæði í útboðsgögnum Framkvæmdasýslu

Framkvæmdasýslan hefur tekið upp nýtt ákvæði í útboðsgögnum sínum. Það snýst um að krefja verktaka um tilboðstryggingu þegar þeir taka þátt í útboðum á hennar vegum. Þetta segist hún gera þar sem nokkuð hafi verið um að verktakar sem átt hafi lægsta tilboð hafi dregið tilboð sín tilbaka. Með þessu vill stofnunin tryggja sig fyrir því að sá verktaki, sem býður í verk, sé ákveðinn í að vinna það sé hann með lægsta tilboð.

Ákvæðin um þessi atriði er að finna í þremur greinum í Útboðs- og samningskilmálum FSR, 0.1.2, 0.1.3 og 0.4.4 í en þar segir:

Gr. 0.1.2 „Tilboðstrygging. Skuldbinding tengd undirritun. Sjá nánar kafla 0.4.4 tilboðs“

Gr. 0.1.3 „Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga áskilur verkkaupi sér rétt til að líta svo á að bjóðandi hafi fallið frá tilboðinu og taka þá gildi ákvæði í kafla 0.4.4 um tilboðstryggingu.“

Gr. 0.4.4 „Með undirritun á framlögðu tilboði sínu skuldbindur bjóðandi sig til að standa við tilboðið í fjórar vikur frá opnun tilboða, að öðrum kosti skal hann greiða verkkaupa bætur að fjárhæð 5% af tilboðsfjárhæð sinni.“

Bjóðanda er í sjálfsvald sett að kaupa sér tryggingu fyrir þessari skuldbindingu, en þess er ekki krafist af verkkaupa.“

Samtök iðnaðarins benda verktökum sérstaklega á þessi ákvæði þar sem þau eru ný og nú þegar hefur reynt á þau og verktaki verið látinn reiða fram tryggingu.

Eyjólfur Bjarnason

Mikil uppbygging í Hafnarfirði

Á undanföllum árum hafa verið öflugar byggingaframkvæmdir í Hafnarfirði. Stórt hverfi er risið í Áslandi og nú breiðir úr sér nýtt hverfi á Völlumum. Unnið er við nokkur stórhýsi í miðbæ Hafnarfjarðar. Tíðindamenn Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði og frá Samtökum iðnaðarins tóku hús á nokkrum byggingameisturum.

Björn Bjarnason, húsasmiðameistari, Feðgar ehf.

Fyrirtækið Feðgar ehf. vinnur að nokkrum stórum verkum. Fyrir svörum er Björn Bjarnason húsasmiðameistari. Unnið er við tvo skóla, stækkun á Setbergsskóla í Hafnarfirði og viðbyggingu Flensborgarskóla sem eru útboðsverk. Fyrirtækið er með uppsteypu á niu hæða blokk á Völlumum í verktöku fyrir Ingvar og Kristján ehf. og einnig er Björn að byggja fjölbýlishús sem hann byggir sjálfur og selur.



„Hjá mér starfa nú 32 starfsmenn úr ýmsum iðngreinum,” segir Björn. „Það útskrifast frá mér einn til tveir lærlingar á ári. Mér sýnist vanta iðnaðarmenn á aldrinum 30 - 40 ára. Það er eins og þessi aldur hafi ekki skilað sér í iðnnám vegna slæmrar stöðu á markaðnum á þeim árum sem þeir voru að velja sér menntun.“

Er skortur á fagmönnum?

„Helst vantar múrara og smiði en píparar koma þar á eftir. Ef verkefnum fjölga þarf ég líklega að ráða erlent vinnuafli.“

Vinnur þitt fyrirtæki eftir gæðakerfi?

„Já, það virkar þannig að ég er í samstarfi við verkfræðistofu sem sér um allar úttektir, þar á meðal fyrir byggingafulltrúa. Verkfræðistofan sér einnig um að taka út íbúðir áður en kaupendur fá þær afhentar. Mér finnst rétt að nefna að lokaúttektir virka misjafnlega. Þær virka vel í útboðsverkum en ekki eins vel þegar verið er að byggja og selja húsnæði. Þar eru íbúðir seldar í mismunandi ástandi, t.d. án gólfefna. Í þeim tilvikum má spyrja hvenær lokaúttekt á rétt á sér.“

Hvernig er fjárhagsleg afkoma fyrirtækisins?

„Það er góðæri nú og afkoman hefur batnað til mikilla muna. Útboð fást á kostnaðarverði en ekki langt undir því eins og var.“

Hvernig er þekking fagmanna nú á tímum?

„Það er að verða mikil sérhæfing í stéttinni. Iðnaðarmenn sem við kölluðum áður „alltmúligmenn“ eru að hverfa.“

Er nóg framboð af lóðum?

„Það hefur verið viðunandi upp á síðkastið. Þó finnst mér markaðurinn kalla á meira sérþýli. Mér finnst áriðandi að fara ekki út í útboð á lóðum eins og gert hefur verið á nokkrum stöðum. Hærra lóðaverð fer beint út í verðlagningu íbúðarhúsnæðis.“

Ólafur Guðmundsson, pípulagningameistari, Snittvélin ehf.

Ólafur Guðmundsson sér um pípulagnir hjá ýmsum verktökum svo sem Fjarðarmótum ehf., Gunnari og Ólafi ehf. Hjá Snittvélinni starfa 5 manns, einn meistari, þrjár sveinar og einn lærlingur. Fyrirtækið hefur alltaf verið með lærlinga, Ólafur nefnir að það séu margir starfandi meistarar í dag sem hafa lært hjá honum.

Hvernig er verkefnastaðan?



„Hún er mjög góð. Ég tek ekki fleiri verkefni að mér í augnablikinu nema að fjölga starfsmönnum, og þeir liggja ekki á lausu þannig að staðan er erfið. Hitt gerir líka ástandið enn verra hve verkefni í byggingariðnaði dreifast illa.“

Hvað áttu við?

„Mér finnst að verktakar, sem eru að byggja og selja, þurfi að skipuleggja sig betur varðandi skil á íbúðum. Allt of margir sprengja sig við að skila á sama tíma og jafnvel á miðju sumri. Það er ríkjandi vertíðarhugsunargangur í byggingariðnaðinum, þar sem menn halda að allt þurfi að gerast á sumrin en veturnir eigi að vera dauðir. Það er nú þannig í dag að iðnaðarmenn, eins og annað fólk, eru farnir að leyfa sér að taka sumarfrí þannig að það kemur stundum upp vandræðastaða. Þetta þarf að ræða og bæta. Hjá mér hefur verið mikið að gera síðustu ár þannig að staðan í dag er ekkert ný.“

Nú ert þú prófdómari í pípulögningum, hefurðu verið það lengi?

„Ég hef verið prófdómari í 6 ár. Það er mjög gefandi að vinna með þessum krökkum sem eru að útskrifast. Nú síðustu ár hafa verið að útskrifast í kringum 20 sveinar á ári og veitir ekkert af því til að viðhalda stéttinni. Sumir fara í fagið aðrir halda áfram í framhaldsnám. Mér finnst vel staðið að menntun pípulagningamanna. Það hefur verið passað að taka nýjungar í

kennsluna. Einnig hefur MFB staðið vel að fræðslumálum til okkar pípara. Mér finnst fagþekking pípara meiri nú en áður. Það er fjölbreyttara efnisval til að vinna úr nú en áður þannig að þekkingin þarf að vera breiðari.”

Eitthvað að lokum?

„Eitt langar mig að nefna og það er samskipti við hið opinbera og sveitafélög. Mér finnst vanta að gerðir séu verksamningar við verktaka varðandi viðhaldsvinnu. Sú staða hefur komið upp þegar skipt er um menn í umsjónarstöðu fasteigna að of oft er líka skipt um verktaka án þess að tala við þann sem vann verkið áður. Þar getur komið upp vandræðaleg staða. Með gamla verktakanum, sem er látinn fara, fer oft ákveðin verkþekking og verklag við viðhald.“

Guðjón Snæbjörnsson, múrarmeistari, G.S. múrverk ehf.

G.S. múrverk ehf. er með verk á nokkrum stöðum, m.a. í fjölbýlishúsum við Lækinn í Hafnarfirði. Fyrir svörum er eigandi G.S. múrverks, Guðjón Snæbjörnsson.



Hvað geturðu sagt mér um mannskapinn hjá þér?

„Hjá mér starfa 16 manns, þar af eru þrír lærlingar. Ég hef alltaf leitast við að hafa lærlinga og hafa nokkrir útskrifast frá mér. Það er ekki auðvelt að fá innlenda menntaða múrara í dag. Hjá mér starfa 7 erlendir menntaðir múrurar og hafa þeir verið hjá mér í 6-7 ár.“

„Það er mikið framboð af erlendu vinnuafli. Því miður er allt of mikið um að erlendir fagmenn séu bara með verkþjálfun en ekki fulla menntun. Ég tel að það þurfi að fara hægar í að opna Ísland fyrir erlendu vinnuafli en gert er ráð fyrir.“

Hvernig er verkefnastaðan?

„Hún er mjög góð. Ég var áður meðal annars í því að byggja og selja en núna er ég eingöngu í múrverki fyrir verktaka. Meðal þeirra, sem ég múra allt fyrir, er Fagtak ehf.“

Hefur múrarastarfið breyst?

„Vinnan er að breytast mikið nú síðustu ár og er að verða sérhæfari. Vélvæðing er að aukast, sömuleiðis steining. Sem dæmi um breytingar má nefna að hleðsla er nánast dottin út, a.m.k. hjá mér.“

Hvernig er háttað mælingu verka?

„Ég læt mæla um 80% af allri minni vinnu. Mér finnst það skila sér í betri vinnu og auknum afköstum starfsmanna minna.“

Afkoman?

„Hún er mjög góð og hefur verið það í mörg ár, og ég sé enga breytingu þar á.“

Vinnur þú eftir einhverju gæðakerfi?

„Nei, verkkaupi sér um gæðaeftirlit. Ef gæðin eru ekki í lagi er einfaldlega skipt um verktaka, þannig að þessir hlutir verða að vera í lagi.“

Sveinberg Gíslason, málarameistari, Málaraverktakar ehf.

Sveinberg Gíslason segir að nóg sé að gera hjá fyrirtæki sínu, Málaraverktökum ehf. Verkefnastaðan er mjög góð og hefur, að hans sögn, verið það mörg síðustu ár. Þó telur Sveinberg að afkoman mætti vera enn betri en hún er. Hjá Málaraverktökum starfa nú sjö menn, tveir meistara, einn sveinn, tveir nemar og tveir ófaglærðir. Sveinberg finnst ekki nóg sótt í málarastéttina um þessar mundir.

Er skortur á fagmönnum?

„Já, það er erfitt að fá faglærða



málara í dag. Það eru svo margir smáir málaraverktakar starfandi. Um leið og sveinar útskrifast fara þeir að starfa sjálfstætt og það áður en þeir fá meistara réttindi.“

Hvernig er fagleg staða málarameistara?

„Það vantar meiri samstöðu hjá okkur málurum. Einnig vantar meira eftirlit með ófaglærðum starfsmönnum sem eru að taka að sér hin ýmsu verk, jafnvel hjá sveitarfélögum. Mér finnst vanta að meiri virðing sé borin fyrir lærðum málurum eins og virðist vera í mörgum öðrum iðngreinum.“

Hefur fagið tekið breytingum?

„Vinnan hefur breyst mikið síðustu ár og er að færast nær múrverki. Það hefur verið svo erfitt að fá múrara þannig að sandspörtlun hjá málurum hefur aukist til mikilla muna. Ég tel að í nýbyggingum sé sandspörtlun 70-80% af okkar vinnu. Einnig finnst mér sérhæfing vera að aukast í málarastéttinni. Nú sýnist mér þetta skiptast í útimálara, innimálara, nýmálara og endurmálara.“

Hvernig er háttað kunnáttu málara í dag?

„Efniskunnátta var meiri hér á árum áður. Nú fáum við öll efni tilbúin. Þó er gaman að segja frá því að ýmsar gamlar málningaraðferðir eru enn kenndar í iðninni, sem er mikilvægt að mínu mati.“

Eitthvað að lokum?

„Samstaða málara þarf að vera meiri.“

Örn Gunnarsson, dúklagningameistari, Dukarinn.is ehf.

Stétt dúklagninga- og veggfóðrara-meistara er ekki fjölmenn en staða

framh. á bls. 10

Öryggisskilti fyrir aðildarfélög og fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins

Öryggi á byggingarvinnustöðum er stöðugt í umræðunni. SI hafa ekki látið sitt eftir liggja í þeim efnum. Má þar nefna BB verkefnið og nú er það öryggismerkingar vinnustaða. Í samvinnu við Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði hafa SI hannað vonduð öryggisskilti sem félagsmenn geta pantað. Útlit skiltanna er samræmt og merkingar í samræmi við lög og reglur Vinnueftirlits ríkisins. Hvert skilti verður merkt með merki og/eða nafni fyrirtækisins, ásamt upplýsingum um heimilisfang, síma, vef- og/eða netfangi.

Mikilvægt er að fyrirtækin sjálf setji sér reglur um aðbúnað á byggingarvinnustöðum og notkun persónuvarna- og fylgi því svo strangt eftir með tilheyrandi merkingum og eftirliti, TR - mælirinn er eitt slíkt eftirlitakerfi. Þá er

Sýnishorn af öryggisskilti fyrirtækis með beina aðild að SI



einnig að finna drög af slíkur kerfi í gæðakerfi SI.

Tilboð til félagsmanna

SI bjóða skilvísun og skuldlausum félagsmönnum að taka þátt í kostnaði við framleiðslu þessara öryggisskilta um allt að 25%. Skiltin eru 2 metrar á hæð og 1,5 metri á breidd og kosta um

Sýnishorn af öryggisskilti félagsmanns í MIH og SI



þrjátíu þúsund krónur í framleiðslu. Ef þöntuð eru skilti í einhverju magni er veittur afsláttur frá grunnverði. Búið er að ganga frá framleiðslusamningi við Samskipti ehf og er félagsmönnum bent á að hafa samband við Þórarinn í framleiðsludeild í síma 580 7800. Einnig veitir Brynjar Ragnarsson hjá SI allar nánari upplýsingar.

Mikil uppbygging í Hafnarfirði framhald af bls. 9



þeirra er mikilvæg. Örn Gunnarsson rekur Dukarinn.is ehf. og hefur um þessar mundir nóg að gera.

„Ég er með þrjá launþega, þar af einn lærling. Svo er ég með tvo til þrjá undirverktaka. Það er mikið að gera hjá

mér núna, góðærið er að byrja hjá mér. Það virðist vera að dúkarar séu síðastir til þess að njóta góðærisins. Afkoma fyrirtækisins er þokkaleg en mætti vera betri.“

Vantar fagmenn?

„Já, núna, en það hefur ekki verið þannig síðustu ár.“

Hvernig eru verkefnin hjá þér?

„Ég hef ekki verið í því að byggja og selja eins og svo margir aðrir. Ég hef einungis sinnt mínu fagi og hef ánægju af því og legg minn metnað í það.“

Hvernig er menntun dúkara háttað?

„Menntun dúkara er og hefur verið góð. Við höfum gott tækifæri til óbeinnar endurmenntunar. Meðal

annars hafa heildsalar verið duglegir að bjóða námskeið þegar ný efni koma á markað. Eins hafa þeir verið duglegir að bjóða kynningar og ferðir til útlanda. Ég tel því að fagþekking okkar dúkara sé mjög góð. Einnig held ég að yngri dúkarar séu opnari fyrir nýjungum og nýti sér þær.“

Hvað um gæðamál?

„Mér finnst að bæta þurfi gæðaeftirlit. Það þyrfti að vera einhvers konar vottunarkerfi hjá iðnaðarmönnum, t.d. eins og þekkt í Noregi. Ég er viss um að þá yrði allt skipulag til hins betra.“

Fríðrik Ágúst Ólafsson, framkv.stj. Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði

Jarðvélar breikka Vesturlandsveg



Undanfarna mánuði hafa staðið yfir framkvæmdir við breikkun Vesturlandsvegar sem ná frá Víkurvegsbrú að hringtorgi við Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Hér vinna Jarðvélar ehf. að tvöföldun vegarins úr tveimur akreinum í fjórar og smíði þriggja brúa yfir Úlfarsá, austan við gömlu brúna.

Eigendur Jarðvéla eru Ólafur Þ. Kjartansson og Karl S. Hannesson. Fyrir svörum er hinn síðarnefndi.

Hver er kjarnastarfsemi Jarðvéla?

„Við erum almennir jarðvinnuverk-

takar og önnumst auk þess vélaleigu.

Við tökum að okkur margs konar verk á þessu sviði, bæði sem aðalverktakar og undirverktakar.“

Hve margir vinna hjá fyrirtækinu?

„Núna vinna hér 86 manns, þar af 10 tæknimenn og fólk á skrifstofu. Síðan treystum við á undirverktaka.“

Hvaða verk eruð þið með í gangi?

„Stærsta verkið er breikkun Vesturlandsvegar. Verkið kostar í heild um 600 m.kr. Það hefur gengið samkvæmt áætlun og við skilum því í október. Við erum að fara að hleypa umferð á en skilum síðast þremur brúm yfir Úlfarsá.“

Vinnið þið alla verkhluta sjálfir?

„Við erum með þrjá stóra undirverktaka í brúarsmíði, malbikun og sprengingum en sjáum sjálfir um alla jarðvegsvinnuvegna breikkunar Vesturlandsvegar.“

Önnur verkefni?

„Nefna má að Jarðvélar vinna að því að leggja línuveg fyrir RARIK í Lundarreykjadal og síðan reisum við Reykjanesvirkjun með Eykt.“

Hvernig hefur reksturinn gengið að undanförunu?

„Óhætt er að segja að sprenging hafi átt sér stað. Velta hefur aukist um 30-40% á ári sl. tvö ár. Við sjáum ekki fyrir endann á látuninum. Má það nokkuð?“

Ingi Bogi Bogason



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

7. tbl. Júlí 2005

ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðju: 13.07.2005

Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Plastpökkun: Iðjuberg

Ljósmyndir: Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins,

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

Sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala 511093-2019

www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritstjóri: Haraldur D. Nelson

Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr

Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.

Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir

að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Íslenskt handverk í Leifsstöð

Áhugasamir framleiðendur hafi samband við SI

Að undanförunu hafa Samtök iðnaðarins í samvinnu við hönnuði unnið því brautargengi að koma íslenskri hönnun að í stækkuðu verslunarrými í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Viðskiptaáætlun sem samin var af þessu tilefni komst í gegnum forval sem Flugstöðin hélt og nú vilja Samtök iðnaðarins gefa öllum þeim sem áhuga hafa á þátttöku í sérstöku hlutafélagi kost á því. Miðað er við þrjá vöruflokka í sérverslun með íslenska hönnun, þ.e. skartgrip, fatnað og fylgihluti og listhandverk sem byggist á trélist, keramik og sérhönnuðum minjagripum. Áhugasamir hafi samband við Kristrúnu Heimisdóttur, starfsmann SI fyrir 20. júlí nk. í síma 824 6125. Nánari upplýsingar er að finna á www.si.is.



Dagur byggingariðnaðarins í Hafnarfirði verður laugardaginn 15. október 2005

Í október 2003 efndu Samtök iðnaðarins og Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði til *Dags iðnaðarins í Hafnarfirði*. Að mati þátttakenda tókst dagurinn afbragðsvel og hefur því verið ákveðið að efna til nýs Dags iðnaðarins í Hafnarfirði laugardaginn 15. október nk.

Búið er að taka frá samkomusalinn í Íþróttamiðstöð Hauka á Ásvöllum en þar verður sett upp upplýsingamiðstöð og sýning þar sem iðnaðarmenn, verktafar og framleiðendur taka á móti

húseigendum og almenningi sem hafa t.d. áhuga á að fjárfesta í nýbyggingu í Vallarhverfi. Opíð hús, verkstæði og verksmiðjur verða auglýstar sérstaklega með kynningarefni. Dagurinn verður kynntur ítarlega í fjölmiðlum, m.a. með auglýsingum í sjónvarpi, útvarpi og blöðum en að auki er ráðgert að gefa út 8-12 síðna sérblað Íslensks iðnaðar sem dreift yrði víða. Má því búast við að Dagur iðnaðarins í Hafnarfirði muni vekja töluverða athygli almennings og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni.

Tilkynna þarf þátttöku fyrir 15. september nk.

Þess er vænst að fyrirtæki og stofnanir í Hafnarfirði, meistarar, byggingaverktakar, birgjar þeirra og samstarfs- og söluaðilar taki virkan þátt í dag-skránni og undirbúningi hennar. Tilkynna þarf þátttöku á þar til gert eyðublað sem fæst hjá SI og MIH.

Nánari upplýsingar veita Friðrik Ágúst Ólafsson framkvæmdastjóri MIH í síma 555 2666, netfang mih@mmedia.is, og Brynjar Ragnarsson markaðsstjóri SI í síma 591 0100, netfang brynjar@si.is.

BB verkefni að ljúka

Samtök iðnaðarins, Samiðn og Vinnueftirlitið hófu samstarf á sviði vinnuverndar í byggingar- og málmíðnaðar-fyrirtækjum árið 2003. Samstarfsverkefninu var ætlað að auka vinnuvernd og bæta umgengni í fyrirtækjum í áður nefndum iðngreinum. Nú tveimur árum seinna er verkefninu að ljúka. Strax í upphafi samstarfsins var ákveðið að gera tilraun með notkun tiltekinna kerfa sem þróuð hafði verið í Finnlandi og gefið þar góða raun, þannig að öryggi jókst og umgengni batnaði á vinnustöðum þar sem kerfin voru notuð. Hér á landi, sem og í Finnlandi, hafa kerfin gengið undir nöfnunum Elmeri í málmíðnaði og TR - mælirinn í byggingariðnaði. Kerfin eru þó lík í uppbyggingu en taka sérstaklega á öryggisatriðum sem snerta hvora greinina fyrir sig.

Aðferðafræðin byggist á því að tilteknir aðilar, skoðunarmenn, hafa það hlutverk að skoða vinnustaðinn einu



sinni í viku og meta stöðu öryggismála og umgengni. Aðferðin er auðveld og það fer ekki mikill tími í slíka athugun.

Finnskir höfundar aðferðanna komu í upphafi hingað til lands og héldu námskeið fyrir verkefnisstjórn og væntanlega leiðbeinendur. Áður höfðu nokkur fyrirtæki ákveðið að prufukeysla færi fram hjá þeim. Þessi fyrirtæki voru, Sveinbjörn Sigurðsson ehf., ÍAV hf., Ágúst og Flosi ehf., Héðinn hf., Slippstöðin hf. og Marel hf. Seinna bættist Orkuveita Reykjavíkur í hópinn.

Hér verður ekki rakið í smáatriðum hvernig verkefnið gekk fyrir sig. Öll fyrirtækin, sem tóku þátt í því töldu aðferðafræðina einfalda í framkvæmd og að hún gæti skilað þeim árangri. Það sem stendur upp úr, að mati verkefnisstjórnar, er að fyrirtækjunum reyndist effitt að láta TR - og Elmeri

virka til lengdar. Í nánast öllum fyrirtækjunum lögðust skoðanir af tíma-bundið eða alveg. Stjórnendur virðast ekki líta á stjórnun öryggismála sem hluta af stjórnkerfi fyrirtækisins og fylgja ekki eftir árangri. Öryggismál og stjórnun þeirra eru jú einn af mörgum þáttum í stjórnun fyrirtækja.

Þó að BB - verkefninu sé að ljúka um þessar mundir munu TR - og Elmeri ekki leggjast af. Verkefnisstjórnin vinnur nú að því að skipuleggja áfram rekstur kerfanna og mun hefja viðræður við Menntafélag byggingariðnaðarins ehf. og Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins um rekstur námskeiða og innleiðingu kerfanna hjá fyrirtækjum sem þess óska. MFB og FM munu því geta gefið áhugasömum fyrirtækjum upplýsingar um kerfin og hvernig staðið er að innleiðingu þeirra í fyrirtækjum.

Eyjólfur Bjarnason

Framsækin fyrirtæki í kjötvinnslu velkomin til Litháen

Samtök iðnaðarins taka þátt í verkefni sem Evrópusambandið kostar og miðar að því að auka samstarf milli landa á sviði matvælarannsóknna. Sérstök áhersla er lögð á að koma á góðu sambandi milli austurs og vesturs. Af því tilefni fór undirrituð í heimsókn til Litháen nýlega til að greina þarlendur frá uppbyggingu matvælaíðnaðar á Íslandi og starfsemi Samtaka iðnaðarins, menntun og rannsóknum á sviði matvælaframleiðslu og kynnst starfseminni þar.

Heimsóknin var skipulögð af Jurgitu Stonyte, þátttakanda í Evrópuverkefninu. Hún vinnur hjá Agency for International Science and Technology Development Programmes í Vilnius, stofnun sem svipar mjög til RANNÍS hér á landi. Dagskráin fólst í því að fundað var með starfsmönnum þeirrar stofnunar. Þá var skipulagður fundur með starfsmönnum landbúnaðarráðuneytis og samtaka matvælaframleiðenda. Í lokin var heimsóttur dýralæknaháskóli, í borginni Kaunas, þar sem haldinn var kynningarfundur um Evrópurannsóknir.

Góður árangur í Evrópuverkefnum

Litháar leggja mikið upp úr að komast inn í evrópsk rannsóknaverkefni. Sóknin í 6. rannsóknáætlunina hefur verið mjög öflug og 1. maí 2005 höfðu 132 verkefni með litháenski þátttöku verið samþykkt innan áætlunarinnar. Þetta eru 19% allra umsókna sem sendar hafa verið inn sem telst gott árangurshlutfall. Athygli vekur að iðnfyrirtæki eru hærra hlutfall umsækjenda en almennt gerist.

Matvælaútflutningur mikilvægur

Matvælaframleiðsla í Litháen hefur tekið stórstíguð breytingum síðan landið fékk sjálfstæði og enn meiri breytinga er að vænta eftir að landið gerðist aðili að Evrópusambandinu. Ríkisrekin samyrkjubú hafa vikið fyrir fjölskyldubúum. Ríkisrekstur er á undanhaldi en samt má greinilega merkja þyngsli og ósveigjanleika í kerfinu. Samtök matvælaframleiðenda eru margskipt, kjötvinnslur sér, mjólkurbú sér, kornframleiðendur sér og fiskvinnslur reka tvenn samtök í matvælaíðnaði. Þar fyrir utan eru svo samtök framleiðenda í matvælaíðnaði í



Jurgita Stonyte á skrifstofu sinni ásamt vinnufélaga

Litháen sem eru sennilega annar iðnaður en sá sem að framan er talinn.

Litháenska ríkið rekur öfluga markaðsstofnun fyrir landbúnaðarafurðir og önnur matvæli, Lithuanian Agricultural and Food Market Regulation Agency, sem hlutast til um viðskipti með landbúnaðar afurðir. Innan þeirrar stofnunar starfar fimm manna útflutningsdeild en matvæli eru mikilvæg útflutningsgrein í Litháen. Útflutningsvörur eru af ýmsum toga: kjöt, mjólkurafurðir, kornvörur og brauðmeti, áfengi, súkkulaði, sultur og ýmiss konar afurðir úr berjum, grænmeti og fiskafurðir. Nánari upplýsingar um viðskipti með matvæli í Litháen er að finna á vefslóðinni: www.litfood-fair.com.

Áhugi fyrir tæknivæðingu

Á fundinum með matvælaframleiðendum kom fram að menn virðast hafa mikinn áhuga á flyta framþróun í matvælaíðnaði og eru spenntir að heyra hvernig aðrir bera sig að. Forsvarsmaður kjötiðnaðarins lýsti því yfir að hann myndi fagna því mjög ef framsækið og nýtskulegt fyrirtæki í kjötvinnslu vildi fjárfesta í litháenskum kjötiðnaði og koma þar upp um tæknivæddri og nýtskulegri kjötvinnslu.

Ragnheiður Heðinsdóttir



Stefnumótun Hönnunarvettvangs - samstillt átak

Samstarfssamningur um Hönnunarvettvang var undirritaður 1. apríl árið 2004. Aðilar að þeim samningi voru iðnaðar-ráðuneyti, Iðntæknistofnun Íslands, Aflvaki hf., Samtök iðnaðarins og Útflutningsráð Íslands. Undanfari þess samnings var m.a. tillögur nefndar sem iðnaðarráðherra fól að meta ávinning af rekstri hönnunarmiðstöðvar fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf.

Eitt af fyrstu verkefnum var að móta stefnu fyrir vettvanginn. Leitað var samstarfs við Form Ísland um að standa að mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar með hönnuðum úr ólíkum hönnunargreinum, fyrirtækjum og stuðningsumhverfi hönnunar og framleiðslu.

Áhersla var lögð á að skapa jafnvægi milli ólíkra hagsmuna hönnunargreina og aðila í framleiðslu og stuðningsumhverfi. Alls hafa um 50 manns komið beint að stefnumótunarferlinu sem hófst á liðnu hausti. Auk þess hefur vinnan verið kynnt meðal þeirra félaga hönnuða, fyrirtækja og stuðningsaðila sem hagsmuna eiga að gæta.

Á fyrsta vinnufundi voru lagðar meginlínur varðandi sameiginlega framtíðarsýn, forsendur og áhersluverkefni vettvangsins. Síðan var haldinn kynningarfundur þar sem niðurstöður voru kynntar og myndaðir vinnuhópar til fara yfir áhersluverkefni og skerpa tillögur um framkvæmd þeirra.

Framtíðarsýn

Þrjár fyrirsagnir endurspeglar framtíðarsýnina til ársins 2010.

1. Íslensk hönnun: einstök útflutningsvara
2. Öflug þróun, sterk staða og imynd íslenskrar hönnunar
3. Íslensk hönnun - auðlind í stórsókn

Að baki hverrar fyrirsagnar er stuttur lýsing úr framtíðinni eins og þátttakendur vilja að hún verði. Til að skýra þetta örlítið betur er fyrsti kafli þeirrar lýsingar birtur hér.

„Íslensk hönnun; einstök útflutningsvara - stöðulýsing árið 2010. Skapandi atvinnugreinar eru viðurkenndar í hópi meginstöða íslensks efnahagslífs. Hönnun er sjálfstæð atvinnugrein sem getur starfað óháð staðbundinni framleiðslu. Íslensk sendiráð og verkefni erlendis endurspeglar íslenska hönnun og draga fram sérkenni hennar. Útflutningur á íslenskri hönnun hefur margfaldast á undanföllum árum og íslensk hönnun er orðin vel þekkt erlendis. Öflug íslensk hönnunar- og markaðsfyrirtæki hafa náð fótfestu á erlendum markaði með vörumerki sínu. Fjöldi íslenskra hönnuða er þekktur hver á sínu sviði á alþjóðlegum markaði. Íslensk hönnun hefur skilgreint og samræmt kennimark sem aðgreinir hana í erlendri markaðssetningu.“



Iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir og Guðbjörg Gissuraradóttir

Forsendur árangurs

1. Markviss stefna og skipulag - veitir forskot
2. Bylting í skilningi, samstarfi og samhæfingu
3. Faglegt markaðsstarf - lykll að árangri
4. Menntun í hönnun í fremstu röð - fræðsla á öllum skólastigum
5. Gott stuðnings- og starfsumhverfi skiptir sköpum í þróun og nýsköpun á sviði hönnunar

Forsendur árangurs

Það er ljóst að fleira þarf til en sýnina eina ef árangur á að nást. Í því sambandi voru nokkrar lykilforsendur sem er lýst nánar með texta sem skýrir hvað átt er við. Sá texti verður birtur á vefsetri vettvangsins áður en langt um liður.

Helstu áherslusvið og verkefni Hönnunarvettvangsins

Hugmyndir um aðgerðir og verkefni voru flokkaðar í þrjú áherslusvið. Vinnuhópar hafa skilað tillögum um framkvæmd sem draga má saman í eftirfarandi áherslusvið og verkefni.

Fjármögnun, stuðningur, samstarf og starfsskilyrði

1. Sjóður hinna skapandi atvinnuvega
2. Öflug hönnunarmiðstöð verði að veruleika
3. Hönnunarmiðstöð - samstarfsvettvangur
4. Hönnunarstefna stjórnvalda

Markaðs og kynningarmál

1. Forvinna - vefsetur, gagnagrunnur og tengsl hönnuða og fyrirtækja
2. Kynning á heimamarkaði - m.a. samkeppni, hönnunarverðlaun, hönnunardagar, sýningar
3. Kynning á alþjóðlegum vettvangi - þátttaka í alþjóðlegum verkefnum, sýningum og sjálfstæðar íslenskar sýningar og tengsl við markaðs- og dreifingarfyrtækni

*Menntamál og**þekkingaruppbygging*

1. Leikskóla- og grunnskólastigið
2. Framhalds- og háskólastigið
3. Menningararfurinn

Hönnunarvettvangurinn var formlega opnaður 27. maí sl. en framkvæmdastjóri hans er Guðbjörg Gissurardóttir sem kom til starfa í byrjun maí.

Stjórn vettvangsins skipa, Matthías Páll Imsland frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti (formaður), Davíð Lúðvíksson Samtökum iðnaðarins, Ásrún Kristjánsdóttir Form Ísland, Hrafnkell Birgisson Form Ísland, Páll Hjaltason Form Ísland, Vilhjálmur Jens Árnason Útflutningsráð Íslands, Berglind Hallgrímsdóttir Iðntæknistofnun-Impru.

Stjórn og framkvæmdastjóri vettvangsins hafa umsjón með daglegri framkvæmd áhersluverkefna. Frumkvæði og samstarf þeirra sem vinna á sviðinu við að hrinda stærri verkefnum í framkvæmd, er þó ein af lykilforsendum árangurs. Hin metnaðarfulla framtíðarsýn íslenskrar hönnunar getur aðeins orðið að veruleika með samstilltu átaki.

Davíð Lúðvíksson



Nýir félagsmenn

Hollt og gott ehf.
Fosshálsi 1
110 Reykjavík
Matvælaíðnaður

Sjá ehf. óháð ráðgjöf
Ingólfsstræti 1a
101 Reykjavík
Upplýsingatækniíðnaður

Matvæladagur MNÍ 2005

-Stóreldhús og mótuneyti-

Matvæladagur MNÍ 2005 verður haldinn föstudaginn 14. október nk. á vegum Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands (MNÍ). Efni dagsins í ár er „Stóreldhús og mótuneyti.“ Efnt verður til ráðstefnu þar sem erlendir og innlendir sérfræðingar í málefnum halda fyrirlestra. Dagskráin verður frá kl. 12.30-17.00 á Grand Hótel Reykjavík, sjá dagskrárdrög hér að neðan. Nánari dagskrá verður birt fljótlega á vef félagsins, www.mni.is. Búast má við skemmtilegum og fræðandi degi og allir, sem koma að starfsemi stóreldhúsa og mótuneyta, eru hvattir til að koma.

Tímasetning Matvæladagsins er valin með tilliti til þess að 16. október ár hvert minnir Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, á misskiptingu fæðu í heiminum á alþjóðlegum degi fæðunnar.

Í fundarhléi verður „Fjöregg MNÍ“ afhent en það er verðlaunagripur sem veittur er árlega fyrir lofsvert framtak á matvælasviði. Samtök iðnaðarins gefa verðlaunagripinn sem er hannaður og framleiddur hjá Gleri í Bergvík. Öllum er frjálst að tilnefna vörur eða verkefni til keppinnar. Þriggja manna dómnefnd metur tilnefningnar og verður þeim stillt fram til sýnis meðan á ráðstefnunni stendur. Tilnefningar skal senda á netföngin asta@syni.is eða svavaen@landspitali.is.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Drög að dagskrá

12:30	Skráning
13:00	Ávarp formanns MNÍ
13:05	Setning - ráðherra
13:15	Straumar og stefnur í þróun stóreldhúsa. Þekking starfsfólks, vörubrúun, pólitik: Ann Mary Sörensen frá Danmörku
14:00	Hvernig er unnið í stóreldhúsum? Næringarmarkmið, framleiðslutækni, framsetning, öryggi: Sara Mari Johansson frá Svíþjóð
14:30	Stefna íslenskra sveitarfélaga varðandi skólamótuneyti: Jórlaug Heimisdóttir, Lýðheilsustöð
15:00	Afhending Fjöreggs
15:10	Kaffihlé
15:30	Stóreldhús, sjónarmið næringarfræðings: Ólafur Sæmundsson, Hreyfingu
15:45	Fjögur stutt erindi um mótuneyti fyrir ólíka hópa Vinnustaði: Hildur Atladóttir, Alcan á Íslandi Grunnskóla: Olga Mörk Valsdóttir, Sláturfélagi Suðurlands Leikskóla: Valentína Björnsdóttir, Móður náttúru Aldraða: Guðný Jónsdóttir, hjúkrunarheimilinu Sóltúni
16:45	Samantekt í lokin og ráðstefnuslit Ráðstefnustjóri: Heiða Björg Hilmisdóttir, forstöðumaður eldhúss Landspítala




(970)



(1876)



(1900)



(1946)



(1970)

[540104-0204]
(2004)

Ný ræningjagríma

Frá upphafi vega hafa ræningjar notað grímur til að hylja andlit sitt þegar þeir hrifsa til sín peninga. Tímarnir breytast og grímurnar með. Nú beita skúrkarnir nýrri aðferð til að hylja sitt rétta andlit. Þeir bregða upp nýrri kennitölu.

Fyrirtæki verða stundum gjaldþrota, reksturinn gengur ekki upp og eigendur geta ekki eða vilja ekki leggja meira fé í fyrirtækið. Sé framkvæmdaviljinn ekki þrotinn reyna menn að vinna sig upp að nýju, ávinna sér traust og afla viðskipta. Við þetta er ekkert að athuga enda óhjákvæmilegur fylgifiskur nýsköpunar og endurnýjunar í atvinnulífinu.

Því miður færast í vöxt að um leið og fyrirtæki verður gjaldþrota verði til nýtt fyrirtæki alveg eins og það gamla með sömu eigendum, starfsmönnum, húsnæði, tækjum og tólum. Hið eina nýja er kennitalan sem veitir nýtt líf og frelsi frá innheimtu skulda, t.d. vegna launa, skatta og vörukaupa.

Lánastofnanir eiga oft veð í öllum birgðum, tækjum og kröfum fyrirtækja og aðrir kröfuhafar fá því ekkert upp í sínar kröfur við gjaldþrot. Í skjóli þeirra bregða sumir upp nýrri kennitölu og halda rekstri sínum áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Nú er mál að linni.

SI

Samtök iðnaðarins